

Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

Sveitarfélag:	Húnaþing vestra.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Hvammstanga.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	12. janúar 2023.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Engin breyting.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Engin breyting.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>Í stað 1.másl. 1.mgr. 4.gr. reglugerðarinnar koma þrjár nýir málsliðir svohljóðandi:</p> <p>Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum og ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3.gr., eftir því sem við á þannig að:</p> <p>1. másl. 1. málsgr. 4. gr:</p> <p>a. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 919/2021 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022. Við skiptingu þessa 50% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðiaríð 2021/2022.</p> <p>b. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023, miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðiaríð 2021/2022.</p> <p>c. Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.</p>
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Af þeim bátum sem gera út frá Hvammstanga er aðeins hluti þeirra sem varð fyrir áhrifum aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða	1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Í byggðarlaginu er engin fiskvinnsla
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is .	